



# Myndsköpun í leikskólastarfi

Afþreying eða þroskaleið

Elín Guðmundsdóttir  
Jónína Guðrún Kristbergsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed-prófs  
Háskóli Íslands  
Menntavísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Myndsköpun í leikskólastarfi**  
*Afþreying eða þroskaleið*

Elín Guðmundsdóttir  
Jónína Guðrún Kristbergsdóttir

Lokaverkefni til B.Ed-prófs í Leikskólafræði  
Leiðsögukenningar: Jón Reykdal og Kristín Ísleifsdóttir

Kennaradeild  
Menntavísindasvið Háskóla Íslands  
Júní 2011

Myndsköpun í leikskólastarfi.

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til B.Ed- prófs við Kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

© 2011, Elín Guðmundsdóttir og Jónína Guðrún Kristbergsdóttir  
Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfunda.

Prentun: Bóksala Stúdenta  
Reykjavík, Ísland 2011

## Ágrip

Þessi ritgerð er lokaverkefni okkar til B.Ed. prófs við Leikskólakennarabráut Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Meginmarkmið verkefnisins er að varpa ljósi á það hvaða þýðingu myndsköpunarstarf hefur fyrir þroska barna.

Ritgerðin er unnin út frá eigindlegri spurningakönnun sem lögð var fyrir sex leikskóla á Austur- og Vesturlandi og á að varpa ljósi á það hvernig notkun myndsköpunar er háttað í daglegu starfi leikskóla og hversu mikilvæga starfsmenn leikskólans telja myndsköpun vera fyrir börnin.

Nám og þroski barna er hluti af öllu leikskólastarfi og beinum við því sjónum okkar að kennismiðunum Jean Piaget og Lev S.Vygotsky. John Dewey hefur haft mikil áhrif á skólastarf alls staðar í heiminum og því er ekki hægt að fjalla um leikskólastarf án þess að minnast á hann. Fjallað er um hugtök tengd myndsköpun og hugmyndafræði Viktors Lowenfeld og W. Lambert Brittain um myndsköpun og andlegan þroska barnsins.

## Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>6</b>
<b>SPURNINGAKÖNNUN</b> .....	<b>8</b>
VIÐTÖL .....	8
<i>Spurning 1</i> .....	8
Á hvaða hátt er myndsköpun hluti af daglegu starfi í leikskólanum? .....	8
Niðurstöður .....	10
<i>Spurning tvö</i> .....	11
Á hvaða hátt telur þú myndsköpun vera mikilvæga fyrir barnið? .....	11
Niðurstöður .....	13
<i>Spurning þrjú</i> .....	13
Hvernig vinna börnin við myndsköpum sína? .....	13
Niðurstöður .....	14
<b>KENNINGAR UM ÞROSKA OG NÁM BARNA</b> .....	<b>16</b>
JEAN PIAGET .....	16
LEV S. VYGOTSKY .....	17
JOHN DEWEY.....	18
<b>MYNSKÖPUN BARNA</b> .....	<b>20</b>
SKÖPUNARHÆFNI .....	20
SKÖPUNARGÁFA.....	20
SKÖPUNARKRAFTUR .....	21
SKÖPUNARFERLI .....	22
AÐ ÝTA UNDIR SKAPANDI HUGSUN BARNA.....	23
<b>KENNINGAR UM MYNSKÖPUN</b> .....	<b>25</b>
VICTOR LOWENFELD OG W. LAMBERT BRITAIN.....	25
<i>Krotskeið – 18 mán. til 4 ára – Upphaf sjálfstjáníningar:</i> .....	26
Handahófskrot.....	27
Krot sem barnið hefur stjórn á .....	28
Krot sem barnið gefur nafn .....	28
<i>Forskemaskeið 4 til 7 ára – Fyrstu tilraunir til tákmynda.</i> .....	29
<b>MARKMIÐ AÐALNÁMSKRÁR</b> .....	<b>33</b>
<b>REGGIO EMILIA</b> .....	<b>34</b>
<b>LOKAORD</b> .....	<b>36</b>
<b>HEIMILDIR</b> .....	<b>38</b>

## Inngangur

Myndsköpun er mikilvægur tjáningarmiðill barna og öll börn hafa þörf fyrir það að tjá sig með einhverskonar myndsköpun. Í Aðalnámskrá leikskóla (1999) kemur meðal annars fram að með því að leggja rækt við sköpunarmátt barna eflist sjálfsmynd þeirra og það gerir þau að öruggari einstaklingum. Barn sem er skapandi lærir betur á umhverfi sitt og það lærir einnig að nota umhverfið sem þátt í sköpunarferli sínu. Leikskólar þurfa og eiga að sjá til þess að börnin öðlist tækifæri til tjáningar, bæði með myndmáli og öðrum leiðum.

Tilgangur verkefnisins er að varpa ljósi á þá hugmyndafræði sem er á bak við myndsköpun barna. Það sem við höfðum í huga þegar við byrjuðum að vinna þetta verkefni var að sjá hvort myndsköpun í leikskólum sé notuð sem uppfyllingarefni, sem í raun hefur enga merkingu fyrir barnið, eða hvort litið sé á hana sem leið fyrir barnið til að öðlast þroska og vinna úr tilfinningum sínum. Við höfum báðar starfað í leikskólum og öðlast innsýn í það starf sem þar fer fram, og við höfum báðar rekist á þá skoðun fólks að myndsköpun sé mikið notuð sem uppfyllingarefni innan leikskólans og hafi engan tilgang.

Við ákváðum því að gera stutta viðtalskönnun sem við framkvæmdum símléiðis og höfðum samband við sex leikskóla. Við lögðum þrjár spurningar varðandi myndsköpunarstarf í leikskólunum fyrir viðmælendur okkar sem voru fimm leikskólastjórar og einn leiðbeinandi. Spurningar sem við lögðum fyrir beindust að því hvernig unnið er með myndsköpun í leikskólanum og einnig að því hvaða viðhorf er til myndsköpunar innan leikskólans. Okkur langaði að athuga viðhorf leikskólakennara til myndsköpunar.

Í ritgerðinni fjöllum við um almennan þroska barna. Farið verður yfir helstu áherslur og stefnur kennismiðina Jean Piaget, Lev S. Vygotsky og John Dewey varðandi þroskaferli barna. Auk þess fjöllum við um kenningar um myndsköpun ungra barna sem Valborg Sigurðardóttir (1998) fjallar um í bók sinni *Myndsköpun ungra barna: Frá kroti til táknumynda*. Þar er tekin fyrir hugmyndafræði Victors Lowenfeld og W. Lambert Brittain, þeir hafa sett fram kenningar um myndsköpun ungra barna og reynt að varpa ljósi á mikilvægi hennar. Einnig fjöllum við um hugmyndafræði Reggio Emilia. Rannsóknarspurningin sem við byggjum ritgerðina á er: „Myndsköpun í leikskólastarfi, afþreying eða þroskaleið?“ Við viljum varpa ljósi á að

myndsköpun og myndræn tjáning sé órjúfanlegur þáttur í heildarþroska barnsins og mikilvæg tjáningarleið sem börn ættu ekki að fara á mis við.

## Spurningakönnun

Viðmælendur okkar voru fimm leikskólastjórar og einn leiðbeinandi og fór könnunin fram símleiðis. Þrjár leikskólanna eru á Austurlandi og þrjár eru á Vesturlandi. Við völdum þrjár spurningar sem tengjast allar hinni eiginlegu rannsóknarspurningu okkar: „Myndsköpun í leikskólastarfi, afþreying eða þroskaleið?“. Með spurningunum sem við lögðum upp með vildum við geta svarað því hvaða viðhorf væru til myndsköpunar og gildi hennar fyrir börn í starfinu hjá þessum leikskólum

Spurningarnar voru : „Á hvaða hátt er myndsköpun hluti af daglegu starfi í leikskólanum?“, „Á hvaða hátt telur þú myndsköpun vera mikilvæga fyrir barnið?“. Og að lokum spurðum við að því hvernig börnin vinna við myndsköpun sína.

## Viðtöl

Við ákváðum að bera svör allra viðmælanda við hverri spurningu fyrir sig saman og fjalla um þær hverja fyrir sig til að auðvelda okkur samanburðinn. Spurning þrjú var í þremur liðum með stöðluðum svörum og þess vegna völdum við að setja niðurstöðurnar upp í töflur.

## Spurning 1

### *Á hvaða hátt er myndsköpun hluti af daglegu starfi í leikskólanum?*

Á öllum leikskólunum sem við höfðum samband við er myndsköpun á dagskrá eins og þeim ber í raun og veru skylda til að gera samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (1999). Þar eru sett fram sex námssvið sem leikskólum bera að starfa með og myndsköpun er eitt þeirra. Misjafnt er eftir skólum hvernig myndsköpunin er sett inn í skólustarfið.

Einn viðmælandinn talar um að á hverjum degi sé í boði að fara í listakrök, sem er staðsettur á mjög opnum og aðgengilegum stað í miðju rými leikskólans. Í listakrök er alltaf einn starfsmaður og sér hann um listakrökinn í eina viku í senn. Starfsmaðurinn á alltaf að vera komin á sinn stað klukkan níu og vera tilbúinn til þess að taka á móti börnunum sem koma þangað. Leikskólinn starfar eftir svokölluðu flæði, það þýðir að börnin geta gengið á milli svæða og tekið þátt í þeim verkefnum sem eru á hverju svæði fyrir sig. Samkvæmt viðmælanda er ekki



mælt með að verkefnunum sem börnin geri í myndsköpun sé stýrt af kennaranum en það sé þó ekki hægt að alhæfa að það sé aldrei gert. Hann talaði um að myndsköpunin sé í raun fléttuð inn í allt skólastarfið og nefnir að mikið sé unnið með leir og textílefni og að svo megi alltaf líta á kubbana sem ákveðið efni til myndsköpunar þar sem börnin „teikni“ útlínur hluta með þeim.

Annar viðmælandi talaði um að tvisvar í viku sé börnunum boðið upp á að velja sig inn í „Listakrók“ þar sem börnin hafa meiri aðgang að fjölbreyttari efnivið eins og mörgum tegundum af málningu og allskonar efniviði sem starfsmenn hafa haldið til haga og henta vel í myndsköpun (steinvölur, pasta, efnisbútar, pappírs afklippur og margt fleira). Viðmælandinn tók það skýrt fram að myndsköpun væri líka stór þáttur í vinnustundum sem eru tvisvar í viku yfir veturinn og þar sem leikskólinn vinni eftir hugmyndafræði Dewey þá sé mikið unnið með könnunaraðferðina og þannig fléttist myndsköpunin sterkt inn, þar sem krakkarnir eru mikið látin teikna, mála, leira og skapa ýmis konar myndverk sem tengjast því þema sem unnið er með hverju sinni.

Einn af þeim skólum sem settum okkur í samband við er rekinn af Hjallastefnunni. Það kom fram að þar sé lögð rík áhersla á að vinna með opinn efnivið. Þannig að það efni sem börnin fá í föndurkróki er pappír, pappírs úrklippur, litir, límstifti og límband. Börnunum er frjálst að vinna úr því eins og þeim dettur í hug. Það kom líka fram að leir sé mikið notaður við myndsköpunina og að hann sé yfirleitt í boði daglega og starfsfólkið sér um að búa hann til. Þeim gefst þá tækifæri á að líta hann að vild og börnunum finnst voða spennandi að fá leirinn í öllum regnbogans litum. Börnin fá áhöld til að nota með leirnum til að geta mótað hann á ýmsa vegu.

Myndsköpun er svo líka í boði þegar börnin eru í hópastarfi. Þá er farið á sérstakt svæði í leikskólanum þar sem þau fá að nota ýmis konar málningu og annað efni sem tínt er til á leikskólanum. Farið er með börnin út í náttúruna þar sem þau fá að tína laufblöð, steina og annan efnivið sem þau geta síðan nýtt í myndsköpun sinni sem er þá oft þematengd. Það er líka mikið gert af því að fara með börnin út að drullumalla og þar geta þau mótað ýmis form og teiknað í moldina. Eins er stundum í boði að drullumalla inni og er þá notast við öðruvísi efni, hveiti og vatn og fleira sem gaman er að móta með höndunum er fundið fram.

Í einum af leikskólunum er kennurum gefið mikið frjálssræði varðandi skipulag á skólastarfinu. Listasmiðja er stundum í boði í vali og einnig eiga allar deildir ákveðinn dag í listasmiðju. Viðmælandi talaði um að það væri mikið undir hverjum og einum leikskólakennara komið hvernig hann nýtti listasmiðjuna. Í öðrum leikskóla sem starfar eftir hugmyndafræði Reggio Emilia er myndsköpun stór þáttur af skólastarfinu dags daglega. Öll börn skólans, sem er einungis með nemendur á síðasta ári í leikskóla, fara í val einu sinni til tvisvar á hverjum degi. Þar eru í boði ýmis efniviður og mikið er um að börnin fái að vinna með frjálsa myndsköpun.

Í viðtölunum kom fram að í fimm af þeim sex leikskólum sem við töluðum við er einnig unnið með myndsköpun í hópstarfi. Hópstarf er að meðaltali tvisvar í viku hjá eldri börnum leikskólanna en einu sinni hjá þeim yngri. Myndsköpun er einnig yfirleitt í boði á hverjum degi í vali eða frjálsum leik barnanna. Í valinu til að mynda hægt að teikna, lita, leira, perla, klippa, líma, púsla og spila. Þannig að allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Að vinna með opinn efnivið, allt það efni sem er endurvinnanlegt s.s. trjábörkur, eggjabakkar, ílát undan ýmiskonar matvælum of.l. virðist vera einkennandi fyrir þessa leikskóla. Verðlaus efniviður er mjög mikið notaður, efniviður sem fæst gefins út í bæ og eru fyrirtæki og stofnanir iðin við að útvega leikskólum efni. Einnig er mikið notast við það efni sem náttúran gefur og börnin geta sjálf fundið í vettvangsferðum sínum. Myndsköpunin fer einnig að hluta til fram úti, þar fá börnin að fara í fjöru og teikna í sandinn og skapa listaverk með fjörugrjóti o.s.frv. Einnig kom það fram að efniviður til myndsköpunar er líka oft tekinn og unnið með hann inn á deildum leikskólanna og þannig skapast fleiri tækifæri til myndsköpunar.

### ***Niðurstöður***

Við komumst að því að á öllum þessum sex leikskólum sem við settum okkur í samband við er litið svo á að myndsköpun sé góð þroskaleið fyrir börnin. Við teljum að litið sé svo á að myndsköpun hafi tilgang fyrir tjáningu og þroska barna, að með henni séu börnin að efla þroska sinn.

Mikið er unnið með myndsköpun í skólastarfinu í öllum leikskólunum. Hún er bæði hluti í daglegu starfi, frjálsum leik og val tíma barnanna. Einnig er myndsköpun stór þáttur í skipulögðu starfi innan leikskólanna, þar má nefna að í

fimm leikskólanna eru sérstök herbergi þar sem myndsköpunarstarf af ýmsu tagi fer fram og eiga öll börnin í þeim leikskólum kost á því að nota aðstöðuna.

Það kom einnig fram að í hópastarfi, sem er í fimm leikskólanna, er til dæmis unnið eftir könnunaraðferð Deweys. En hún byggir að miklu leiti á myndsköpun og að barnið leiti sér lausna og finni út sínar eigin leiðir og úrlausnir. Dewey taldi að reynsla barnsins væri undirstaða allrar menntunar og talaði um að börn þyrftu að fá tækifæri til að byggja ofan á fyrri reynslu sína með því að framkvæma(Jóhanna Einarsdóttir, 1997:28-29).

## **Spurning tvö**

### ***Á hvaða hátt telur þú myndsköpun vera mikilvæga fyrir barnið?***

Allir viðmælendur okkar virðast vera þeirrar skoðunar að myndsköpun sé mjög mikilvæg fyrir börn og segja að hún ýti undir skapandi hugsun hjá þeim og geri þeim kleift að þróa með sér þann eiginleika að leita lausna á þeim verkefnum sem þau taka sér fyrir hendur. Að inn í hana megi flokka marga þætti og sem dæmi var tekið að tengja megi stærðfræði inn í myndsköpunina þar sem börnin æfi sig í að teikna mismunandi form. Sköpunarferlið sjálft sé það sem máli skipti í ferlinu frekar en útkoman og þeir benda á að börnin séu yfirleitt mjög kát og glöð þegar þau eru að skapa eitthvað út frá sínu eigin brjósti og einn viðmælenda nefnir að það sé mikilvægast, að börnin finni til gleði.

En eins og fram kemur síðar í þessu verkefni þá er ferlið sem börnin ganga í gegn um þegar þau er að skapa eitthvað það sem máli skiptir fyrir þau sjálf og þroska þeirra, ekki það hversu flott útkoman er. Börn nota sköpun til að tjá tilfinningar sínar, það sem þau hugsa og upplifa í sínu daglega lífi. Börn nota gjarnan þessa tjáningu í stað orða. Þetta er sú sköpun sem skiptir börnin máli og því mikilvægt að þau fái tækifæri til að gera það á sinn eigin hátt og á sínum eigin forsendum.

Einn viðmælenda segir félagslega þáttinn í myndsköpuninni mikilvægan og vill meina að það sé börnunum mjög mikilvægt að tíminn sem þau nota í myndsköpunina sé varið í góðum félagsskap þar sem hægt er að eiga góð samskipti við önnur leikskólabörn. Það teljum við einmitt vera í samræmi við það sem Vygotsky byggir hugmyndir sínar á. Hugmyndir hans er snúa að almennu þroskaferli barna gefa til kynna að barnið þroski vitræna hæfni sína í samvinnu við aðra(Berk og Winsler, 1995:26).

Myndsköpun er talin vera mikilvægur þáttur fyrir barnið til að tjá tilfinningar sínar og að vinna úr þeirri reynslu sem það hefur upplifað, einn viðmælenda talaði auk þess um að börn geti eflt sjálfstraust sitt með því að vinna að myndsköpun. Myndsköpun er talin vera gríðarlega mikilvæg fyrir börnin, með henni aukist sjálfstæði barnanna, skapandi hugsun þeirra vaxi og sjálfsmyndin styrkist.

Með listsköpun séu börnin í raun að auka lífsgleði sína, jákvæðni, félagsfærni og læri auk þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Myndsköpun er talin efla mjög mismunandi þroskaþætti barna, eins og fagurþroska, fín- og grófþroska, rýmisgreind auk þess að efla sjálfsmynd þeirra.

Myndsköpunin er tjáningarform barnanna þar sem þau eru einnig að fá útrás fyrir sköpunarhæfni sína, þau svara forvitni sinni með því að skapa eitthvað úr ýmiskonar efnivið þar sem reynir oft mjög á sköpunarhæfni þeirra. Einn viðmælandinn vildi líka taka það fram að í myndsköpum væri ekki bara verið að efla sköpunina hjá börnunum heldur væru þau líka að þróa ákveðna færni eins og fínhreyfingar og blýantsgrip. Börnin þyrftu líka að æfa sig í að lita innan lína og hann talaði um að öðru hvoru prentaði starfsfólkið út myndir fyrir börnin svo þau gætu litað en það væri nú yfirleitt bara svona til hátíðabrigða.

Viðmælendur okkar líta svo á að myndsköpun sé gríðarlega mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Það koma oft upp vangaveltur varðandi hvernig börnin eru látin vinna. Talað er um að myndsköpun sé tjáningarleið barna og það megi ekki setja þeim of stífan ramma varðandi efnisval og annað, þannig að sköpunin verði ekki þeirra. Myndsköpun birtist í margskonar formum og undir hana flokkast ekki bara að mála eða teikna á blað. Fram kom að oft er mikil áhersla lögð á myndsköpun í skólastarfinu og er oft unnið mun meira með myndsköpun en aðra skapandi þætti s.s. tónlist eða leikræna tjáningu. Einn talaði um að myndsköpunin væri helsta listtjáningarformið sem notað væri í skólastarfinu, en einnig væri söngur líka aðeins notaður. Það kom líka fram að áhugasviði hvers og eins kennara ráði miklu um það hversu mikið sé unnið sé með myndsköpun, tónlist og/eða leikræna tjáningu.

Önnur listsköpun en myndsköpun í þessum leikskólum felst aðallega í tónlist sem er hluti af daglegu starfi innan leikskólanna og þá helst söngur. Reynt er að syngja á hverjum degi í öllum leikskólunum. Leikræn tjáning er ekki fyrirferðarmikil í leikskólunum en er þó til staðar og þá helst í tengslum við

foreldraskemmtanir og útskrift elstu barnanna. Þá fá börnin tækifæri á því að tjá sig í gegnum leikræna tjáningu með því að taka þátt í leikverkinu sjálfu þar sem gleði ríkir og mikið er sungið.

### ***Niðurstöður***


Allir viðmælendur okkar voru þeirra skoðunar að myndsköpun væri góð þroskaleið fyrir börn. Með myndsköpun séu börnin að vinna úr reynslu sinni og upplifunum. Myndsköpun sé tjáningarform þeirra og hafi því mikinn tilgang fyrir þau. Með myndsköpun efla þau fagurþroska, fín- og grófþroska, rýmisgreind auk þess efla þau sjálfsmýnd sína í gegnum myndsköpun. Hún eykur sjálfstæði, ýtir undir skapandi hugsun, eykur lífsgleði og jákvæðni og hafi góð áhrif á félagsfærni þeirra. Með myndsköpun fá börnin tilfinningu fyrir litum og þróa það með sér að geta leitað lausna á verkefnum í daglegum athöfnum sínum. Þeir voru einnig sammála um að það megi tengja stærðfræðikennslu inn í myndsköpunina, þar sem form eru mikið notuð og börnin gjörn á að teikna þau.

### **Spurning þrjú**


#### ***Hvernig vinna börnin við myndsköpun sína?***

Spurningunni var skipt upp í þrjú hluta og voru viðmælendur beðnir um að svara með orðunum: Alltaf - oft - stundum - sjaldan - aldrei


Tafla 1. Vinna börnin alveg eftir eigin höfði- frjálst?



Tafla 2. Er unnið samkvæmt fyrirmynd (ljósrit, teikning eftir kennara o.s.frv.) sem allir vinna eftir?



Tafla 3. Er ákveðið verkefni (ákveðið af kennara) sem nemendur ráða sjálfir hvernig þeir útfæra?



### ***Niðurstöður***

Þegar við skoðum niðurstöður þessara taflna má sjá að viðmælendurnir eru nokkuð samstíga í skoðunum sínum á því hvernig myndsköpun er háttað á þeirra leikskóla.

Í töflu1 þar sem er spurt hvort að börnin vinni alveg eftir eigin höfði - frjálst?, eru viðmælendurnir sex frekar samhljóma en einn viðmælenda segir að börnin fái alltaf að vinna eftir eigin höfði, fjórir segja oft og einn segir stundum.

Í töflu 2 þar sem er spurt hvort unnið sé samkvæmt fyrirmynd (ljósrit, teikning eftir kennara o.s.frv.) sem allir vinna eftir segja fjórir viðmælenda að það gerist sjaldan og tveir segja aldrei.

Í töflu 3 þar sem spurt er hvort að ákveðið verkefni (ákveðið af kennara) sem nemendur ráða sjálfir hvernig þeir útfæra sé notað segja þrír viðmælenda það gerast oft, tveir segja stundum og einn segir sjaldan.

Samkvæmt þessum niðurstöðum er hægt að segja að í þessum leikskólum sé ekki mikið um kennarastýrð verkefni þar sem aðaláherslan er lögð á að allir geri eins. Þetta þýðir að börnin fá að skapa eftir eigin höfði og leyfa sköpunarkrafti sínum að njóta sín í tilraunum og tjáningu sem fylgir myndsköpun þeirra. Leikskólarnir eru greinilega meðvitaðir um þátt myndsköpunar í þroska barnsins og bjóða því upp á að barnið geti eflt þroska sinn með þeirri tjáningu sem fylgir myndsköpum í skólastarfi.

## **Kenningar um þroska og nám barna**

Kenningar um þroska og nám barna hafa verið settar fram víðsvegar um heiminn. Misjafnt er hversu mikið fylgi eða athygli kennismiðirnir hafa fengið og að sjálfsögðu hefur komið fram ýmis gagnrýni hvað varðar kenningar um þroska og nám barna. Í þessum kafla munum við fjalla um kennismiðina Jean Piaget, Lev S. Vygotsky og John Dewey. Farið verður yfir helstu áherslur þeirra og stefnur varðandi þroskaferli barna.

### **Jean Piaget**

Jean Piaget fæddist árið 1896 í Sviss. Hann stundaði háskólanám í líffræði en 24 ára fór hann að einbeita sér alfarið að sálfræðinni. Piaget er einn þekktasti og áhrifamesti þroskasálfræðingur 20 aldarinnar. Hann er enn í dag talinn í hópi fremstu manna hvað varðar kenningar um þroskaferli. Piaget beindi rannsóknum sínum að þroska barna og talaði um stigbundinn þroska. Piaget vildi skipta þroskaferli barna upp í ákveðin þróunarstig, þegar barnið er stutt á hverju sviði fyrir sig einkennist það af andlegri getu þess og hæfileikum. (Charles,1999:2 og Aldís Guðmundsdóttir,1992:179-18).

Piaget sagði að börn byggðu upp eigin vitsmunarþroska. Hann taldi að reynsla og upplifanir barna hefði áhrif á þroska þeirra. Að börn þurfi að fá tækifæri til að reyna og upplifa á eigin spýtur til að öðlast skilning og læra (Cole, 2005:150). Piaget sagði að börn lærðu mest af því að fá að prufa sjálf og gera mistök, en einnig þeirri reynslu sem þau öðlast við að gera hlutina sjálf og leysa úr þeim vanda sem þau geta rekist á í vinnu sinni (Aldís Guðmundsdóttir, 1992:178).

Ásamt því að halda fram að börn væru virkir þátttakendur í eigin þekkingarleit hélt Piaget því fram að þroski barna tæki framförum eftir mismunandi þroskastigum (e. developmental stages). Piaget taldi að börn þroskuðust í gegnum stigskiptan vitrænan þroska. Hann skipti honum upp í fjögur stig og á hverju þroskastigi fyrir sig vildi hann meina að þroski barnanna færði því ákveðna þekkingu og þannig byggja þau við þann þroska sem á undan er. Þroskastigin fjögur sem Piaget talar um eru:



**Skynhreyfistig** (e. sensorimotor) Frá fæðingu til 2ja ára aldurs, barnið er virkt í því sem það gerir og notar skynjun og hreyfingu til að takast á við veröldina.

**Foraðgerðarstig** (e. preoperational) Frá 2ja ára til 6 ára aldurs, barnið notar tákni til að takast á við heiminn eins og það upplifir hann. Hugsun þess er einhliða og það þekkir ekki enn sín eigin sjónarmið frá sjónarmiðum annarra.

**Stig hlutbundinna aðgerða** (e. concrete operational) Frá 6 ára til 12 ára aldurs. Barnið hefur öðlast rökhugsun í tengslum við ákveðna hluti.

**Stig formlegra aðgerða** (e. formal operational) 12 ára til 19 ára aldurs. Einstaklingurinn getur notað rökhugsun eina og sér og þarf ekki að styðjast við hluti. Þarna er sagt að einstaklingurinn hafi náð þeim þroska að geta sett hugsun um eigin hugsun (Cole, 2005:151).

## **Lev S. Vygotsky**

Lev S. Vygotsky fæddist árið 1896 í Rússlandi og lést aðeins 38 ára að aldri árið 1934. Hann var orðinn mikils metinn sálfræðingur í Rússlandi áður en hann sneri sér að vitsmunaprofna barna. Vygotsky og Piaget voru samtíðarmenn og beindu báðir sjónum sínum að vitsmunaprofna barna en höfðu ólíkar skoðanir og nálguðust efnið út frá ólíkum þáttum. Piaget lagði áherslu á vitsmunalega hugsmíðahyggju á meðan að Vygotsky aðhylltist félagsmenningar/félagslegri hugsmíðahyggju.

Félagsmenningarkenning Vygotskys gekk út frá því að vitsmunir ættu uppruna sinn í umhverfi og menningu. Barn fæðist með grundvallar vitræna starfsemi sem felur í sér að barnið einbeitir sér, tekur eftir, man, skynjar o.s.frv. Vitsmunaleg færni verður síðan til vegna víxlverkunar umhverfis og þeirrar úrvinnslu sem einstaklingurinn vinnur út frá umhverfisáhrifum. Það er svo félagsleg reynsla einstaklingsins sem mótar hugsun hans og hvernig hann túlkar umheiminn en sú reynsla er háð menningu samfélagsins sem hann býr í. Því er hægt að segja að þroski einstaklingsins geti verið breytilegur eftir menningarsamfélögum (Meece og Daniels, 2008:165).

Vygotsky taldi að tungumálið væri órjúfanlegur hluti af þroska barna og að það spilaði stórt hlutverk í félagslegri hugsun og væri aðalverkfærið þegar

kæmi að samskiptum því með tungumálinu komast hugsanir okkar til skila. Hann leit svo á að tungumálið væri í raun mikilvægasta skrefið í þroska barna því það tengdi þau við þá félagslegu menningu sem þau alast upp í.

Vygotsky er kannski einna þekktastur fyrir hugmyndir sína um þroskaferli barnsins en hann taldi að barn þroskaði vitræna hæfni sína í samvinnu við fullorðna eða sér hækari einstaklinga. Vygotsky var ekki hlynntur stöðluðum greindar- og hæfnisprófum þar sem ekki var tekið tillit til hins síbreytilega þroska mannsins og því setti hann fram kenninguna um svæði hins mögulega þroska (e. zone of proximal development, ZPD). Í kenningu hans kemur fram að við ættum ekki að mæla hvað barnið veit og hvað það getur heldur ætti að kanna hvað það getur með hjálp annarra og möguleika þess til að læra eitthvað nýtt. Vygotsky skilgreindi því svæði hins mögulega þroska (ZPD) sem fjarlægð á milli þess sem barnið getur án hjálpar og þess sem það getur gert með hjálp frá hækari einstaklingi (Berk og Winsler, 1995:24-25).

Eins og fram hefur komið er hlutverk fullorðinna mikilvægur partur í þroska barnsins ásamt því félagslega umhverfi sem það býr í. Í tengslum við kenningu Vygotskys á svæði hins mögulega þroska bendir hann á kenninguna um vinnupallana (Scaffolding). Litið er á vitsmunapróska barns sem einhverskonar byggingu sem það er að reisa og er þessi bygging umlukin vinnupöllum sem tákna það félagslega umhverfi sem er mjög nauðsynlegur hlutur af vitsmunapróska barna samkvæmt Vygotsky. Þátttakendur í þessari vinnupalla aðferð samkvæmt kenningunni geta verið fullorðinn og barn eða barn og barn, aðalatriðið er að barnið eigi í samskiptum við einhvern á meðan það leysir verkefnið. Nám barna er ekki hægt að aðskilja frá verkefninu sem námið á sér stað í og fólk lærir best þegar það vinnur að því að leysa verkefni í samvinnu við aðra (Berk og Winsler, 1995:26).

## **John Dewey**

John Dewey (1859-1952) var bandarískur heimspekingur og menntafrömuður. Sú hugmyndafræði sem hann setti fram hefur haft mikil áhrif á skólastarf alls staðar í heiminum og margt af því sem við teljum sjálfsagt í skólastarfi í dag er hluti af því sem Dewey barðist fyrir í byrjun 20 aldarinnar. Hann hefur stundum verið nefndur

faðir framfarastefnunnar en hún er að miklu leyti byggð á hugmyndafræði hans um menntun og samfélag.

Framfarastefnan var bandarísk hugmynd sem hafði mikil áhrif á leikskólastarf í heiminum á 20. öldinni. Dewey lagði mikla áherslu á menntun barna og tengdi hana við utanaðkomandi þætti eins og *samfélag*, *lýðræði* og síðast en ekki síst *reynslu*. Þetta síðastnefnda hefur kannski verið hvað þekktast úr hugmyndafræði hans innan leikskólanna en frægust er setningin „learning by doing“ eða „læra með því að framkvæma“. Dewey taldi að reynsla barnsins væri undirstaða allrar menntunar og talaði um í því samhengi að kennarar og fullorðnir ættu því að vanda sig í að skapa börnunum tækifæri til menntunar og að viðfangsefnin sem þeir leggja fyrir börnin væru byggð á fyrri reynslu. Með menntun og samfélagi átti hann við að leggja þyrfti áherslu á að kynna fyrir barninu frumþætti samfélagsins og þjálfað það í þátttöku í samfélagi fólks. Hann taldi skólann geta haft áhrif á félagslegar aðstæður barna með því að leggja áherslu á sjálfstæði og gagnrýna hugsun strax í upphafi.

Lýðræðið í tengslum við menntun var að mati Dewey mikilvægt í tengslum við lýðræðislegt samfélag þar sem margir ólíkir einstaklingar vinna saman að sameiginlegum markmiðum en hver með sinni sérstöðu. Skólinn á því að sjá til þess að börnin fá að kynnast lýðræði sem leiðir til lýðræðislegs samfélags. Þessi þrjú atriði sem talin eru upp hérna eru því samofin og ætti að líta á þau þannig í tengslum við leikskólastarfið (Jóhanna Einarsdóttir, 1997:28-29).

Dewey leggur áherslu á að börnin séu virk í ákvarðanatöku er varðar þau sjálf og að kennarinn byggi kennsluefnið að einhverju leiti upp með því sem er að gerast í lífi þeirra. Í tengslum við þetta er þemavinna vinsæl kennsluaðferð þar sem viðfangsefnin eru oft valin af kennara og börnum í sameiningu. Þetta svipar mikið til aðferðar sem notuð er í Reggio Emilia þar sem unnið er með eitthvað ákveðið efni yfir afmarkað tímabil og notast á við aðstæður og atburði sem börnin kannast vel við (Jóhanna Einarsdóttir, 1997:30-31).

Það má segja að hugmyndir Dewey, „Learning by doing“ tengist myndsköpun í skólastarfi út frá þeirri hugmynd sem að Lowenfeld og Brittain settu fram þar sem segir að það sé sköpunarferlið sjálft sem sé mikilvægast fyrir barnið (Valborg Sigurðardóttir, 1989:18).

# Myndsköpun barna

## Sköpunarhæfni

Valborg Sigurðardóttir (1998) fjallar um sköpunarhæfni (e. creativity.) í bók sinni *Myndsköpun ungra barna: Frá kroti til táknmynda*. Þegar talað er um sköpunarhæfni hugsa flestir um ákveðna hæfni sem snýr að því að geta skapað eitthvað. Sagt er að sköpunarhæfni sé okkur öllum í blóð borin en þrátt fyrir það þá ber mismikið á sköpunarhæfni og sköpunargáfa okkar. Birtingarmynd skapandi hugsunar og skapandi starfs birtist á mismunandi vegu, jafnt hjá börnum og fullorðnum. Undir sköpun fellur m.a. tungumál, myndir, tónlist, ýmis konar hreyfing og leikræn tjáning og kemur listsköpun fram í öllum þessum þáttum. Sköpunarhæfni og sköpunargáfa er sögð spila stórt hlutverk í hugsunarferli og vitsmunagerð manneskjunnar (Valborg Sigurðardóttir, 1989:105).

Hvert sem við horfum má sjá liti, form og hluti í kringum okkur. Þessir hlutir hafa áhrif á sköpunargáfu okkar og örva ímyndunaraflíð og gefa okkur hugmyndir. Þátttaka í hinu daglega lífi auðgar því sköpunargáfu okkar og ýtir undir hana. Börn þurfa að fá tækifæri til að kanna sjálf leiðir, vinna sig úr vanda og leita svara. Alls staðar sem við förum í lífinu er þörf fyrir skapandi hugsun. Mikilvægt er að örva, hlúa að og vernda sköpunarhæfni og skapandi hugsun barna strax frá upphafi og í gegnum allt þroskaferli þess. Leik- og grunnskólar þurfa að sjá til þess að örva hugsun barna, hvað varðar frumleika, hugmyndaflug og sveigjanleika. Þar komum við aftur inn á mikilvægi þess að börn fái að alast upp við að fá að kanna mismunandi leiðir í starfi, finna út úr vandanum á eigin forsendum og leita svara. Án þess þó að fara út fyrir þau mörk sem þroski þeirra setur þeim (Valborg Sigurðardóttir, 1989:107).

## Sköpunargáfa

Hvernig skilgreinum við sköpunargáfu? Mismunandi skoðanir eru á því hvernig sköpunargáfa er skilgreind. Að búa yfir sköpunargáfu hefur meðal annars verið skilgreint sem hæfni til að:

- sjá hlutina í öðru ljósi
- geta farið út fyrir þau mörk og fyrirmæli sem sett eru
- hugsa óhefðbundið

- gera eitthvað alveg sérstakt
- sameina óskylda hluti í eitthvað alveg nýtt

En hvernig hefur sköpunargáfa verið útskýrð, hvaða þættir eru það sem einstaklingur þarf að búa yfir til að teljast búa yfir sköpunargáfu? Það er kannski ekki hægt að segja að það séu til einhverjar ákveðnar skilgreiningar á því en engu að síður eru ákveðnar leiðir sem farnar hafa verið til að reyna að útskýra sköpunargáfu. Það má til dæmis útskýra sköpunargáfu sem:

- Viðhorf
- Ferli
- Afurð
- Kunnáttu
- Persónuleika
- Umhverfisáhrif

(Schirmacher 1997:5).

### **Sköpunarkraftur**

Ítalski uppeldisleiðtogi og hugmyndafræðingur Reggio Emilia, Loris Malaguzzi, hafði ákveðnar hugmyndir um sköpunarkraft barna. Malaguzzi sagði til að mynda í viðtali sem Lella Gandini tók við hann og er að finna í bókinni *The Hundred Languages of Children: The Reggio Emilia Approach – Advanced Reflectoins* að ekki bæri að líta á sköpunarkraftinn sem vitrænt fyrirbæri eitt og sér, heldur ætti að líta á hann sem eitthvað einkennandi fyrir hugsanir og þekkingu okkar og því hvað við veljum okkur að gera.

Hinn eiginlegi sköpunarkraftur okkar byggir einnig á þeirri reynslu sem við höfum öðlast. Sköpunarkrafturinn birtist um leið og við þróum hugmyndir okkar á merkingabæran og persónulegan hátt. Með því gefum við okkur frelsi til að leita út fyrir þann ramma sem við þekkjum. Sköpunarkrafturinn birtist í verkefnum sem koma því vitræna, tilfinningalega og því ímyndaða sem við tökum okkur fyrir hendur við. Allir þessir þættir vinna saman og með því eykst geta okkar til að rannsaka og fá nýjar og óþekktar niðurstöður út.

Sköpunarkrafturinn virðist blómstra með félagslegum samskiptum þar sem hugmyndir úr öllum áttum og af ýmsum toga eru dregnar fram og bornar saman

og unnið er að leiðum til úrlausna verkefna, þannig er ýtt undir sköpunarkraftinn og hann borinn áfram á næsta stig. Malaguzzi vildi meina að til að styðja við sköpunarkraft barna þyrftu hinir fullorðnu að setja sig í spor rannsakandans með börnunum og aðstoða þau við að leysa úr vanda, finna út hvar vandinn liggur og túlka hann með þeim. Hann taldi að þetta væri árangursríkara heldur en að vera alltaf að einbeita sér að því að hinn fullorðni kennarinn gæfi börnunum svörin.

Allir hafa væntingar, kennarar, skólar, foreldrar og samfélagið í heild sinni, þessar væntingar hafa áhrif á það hvernig litið er á sköpunarkraftinn. Er litið á hann sem jákvætt eða neikvætt afl? Það hefur það áhrif á hvernig börn nýta sköpunarkraft sinn og það hvort þau nýti hann yfir höfuð. Eins og áður hefur komið fram er það sköpunarferlið sjálft sem skiptir máli fyrir börnin, hvernig þau hugsa og leita lausna í vinnu sinni. Með þetta að leiðarljósi beinir hinn fullorðni frekar ljósum að því að gera hinn eiginlega sköpunarkraft sýnilegri. Til að ýta undir sköpunarkraft og að hann fái að blómstra þarf að setja saman þekkingarnám og nám sem byggir á tjáningu nemendanna sjálfra (Edwards ofl. 1998:75-77).

## **Sköpunarferli**

Valborg Sigurðardóttir (1998) skrifar að það ferli sem fer fram þegar barn er að skapa eitthvað, sé það sem máli skiptir fyrir barnið sjálft, ekki það hversu flott útkoman verður. Börn tjá tilfinningar sínar með sköpun, þau nota þá tjáningu í stað orða til að tjá það sem þau hugsa, finna til og upplifa í hinu daglega lífi. Það er sköpunin sem skiptir barnið máli og að það fái tækifæri til að gera það á sinn hátt og á sínum eigin forsendum.

Þegar talað er um sjálfið gefur það augaleið að átt er við okkur sjálf. Og í sköpun eru börn að vinna með sjálfstjáningu. Það er því barnið sjálft sem er í brennidepli í öllu sköpunarferlinu í heild sinni. Til að börn öðlist alhliða þroska er nauðsynlegt að þau fái tækifæri til sjálfstjáningar á sínum eigin forsendum. Þörfin fyrir að skapa er til staðar hjá öllum börnum og það er mikilvægt að ýta undir hana frá unga aldri. Það er mikilvægt að í leikskólum fái börnin tækifæri til sköpunar og að sköpunarhæfni og kraftur fá að blómstra strax í upphafi. Eins og fram hefur komið eru það reynsla og upplifanir barna sem kalla fram þörf fyrir að skapa. Það ferli sem fer í gang hjá barni þegar það er að skapa hefur gjarnan verið skipt upp í þrjú stig:

- Í fyrstu er talað um barnið sjálft í sköpuninni og þeirri sköpunarhæfni sem það býr yfir. Það eru tilfinningar þess, upplifanir og hugmyndaflug sem kalla fram þörfina fyrir að skapa.
- Svo er það reynsla barnsins sem vinnur í samvinnu við upplifanir þess. Barnið vinnur úr því sem það er að upplifa í lífinu.
- Að lokum er talað um ytri tjáningarform eða sköpunarhætti, hvernig barnið kemur verkinu frá sér.

Við bæði sjáum það og heyrum þegar við komum inn á leikskóla að oft á tíðum er einblínt á útkomu sköpunarferlisins, hvernig verkið lítur út í lokin. En það má alls ekki gleyma að horfa á hvað barnið er að upplifa í gegnum allt ferlið og hvernig það er með þessu að tjá sig og vinna úr tilfinningum sínum og upplifunum. Miklu máli skiptir að kennarinn geri sér grein fyrir að það er ekki nóg að láta börnin hafa blöð og liti eða önnur áhöld eða efni til myndsköpunar ef hann vill ýta undir skapandi hugsun barnsins því það er nauðsynlegt að vinna með alla þrjá þætti sköpunarferlisins og gefa hverjum og einum þætti sitt svigrúm og vægi í ferlinu (Valborg Sigurðardóttir, 1989:108-109).

### **Að ýta undir skapandi hugsun barna**

Í bókinni *Art and Creative Development for Young Children* kemur fram að list er ekki eina leið barna til að tjá sköpun sína því börn tjá einnig sköpun sína í gegnum eigin hugsun. Að búa yfir þeim hæfileika að geta hugsað á skapandi hátt er eitthvað sem ung börn geta tekið þátt í strax frá unga aldri og þau ættu að fá tækifæri til þess. Að búa yfir skapandi hugsun er kunnátta sem ekki einungis reynist vel þegar börnin fara að leysa úr vandamálum í daglega lífi, heldur undirbýr þau einnig fyrir þátttöku í komandi lífi í sýnbreytilegu og nútíma samfélagi (Schirmacher 1997:20).

Í leikskólum er það starf leikskólakennaranna að ýta undir skapandi hugsun barnanna og sjá til þess að þau fái tækifæri til myndsköpunar, kennarinn og þær aðstæður sem hann skapar geta haft mikið að segja í myndsköpun barnanna. Börn hafa ríka þörf fyrir viðurkenningu hins fullorðna og því þarf leikskólakennarinn að vera hvetjandi og útvega börnunum bæði tíma og efni og skapa viðunandi aðstæður fyrir þau.

Það er afar mikilvægt að leikskólakennarar geri sér grein fyrir mikilvægi myndsköpunar í skólastarfinu. Það var greinilegt að í þeim leikskólum sem við höfðum samband við er lögð mikil áhersla á myndsköpun og kennarar er meðvitaðir um það sem barnið er að gera í myndsköpunarferlinu hafi gildi og sé mikilvægt fyrir almennan þroska þess.



## **Kenningar um myndsköpun**

Nokkrir kennismiðir hafa sett fram kenningar um myndsköpun ungra barna og reynt að varpa ljósi á mikilvægi hennar. Má þar nefna Victor Lowenfeld, W. Lambert Brittain og Rhodu Kellogg. V. Lowenfeld og W. L. Brittain unnu náið saman og fjölluðu um myndsköpun í tengslum við andlegan þroska barna og settu fram kenningar í kjölfar þess. Ein af aðal hugmyndum þeirra var að leggja ætti áherslu á vinnuferlið sjálft í myndsköpun en ekki útkomuna. „Teiknun eða teikniferlið sjálft verður í sjálfu sér mikilvæg námsreynsla og jafnframt námsleið og þroski fyrir barnið“ (Valborg Sigurðardóttir, 1989:36). Í bók sinni, *Myndsköpun ungra barna; Frá kroti til táknmynda*, fjallar Valborg Sigurðardóttir um myndsköpun ungra barna út frá kenningum Lowenfelds, Brittain og Kellogg. Þar sem við erum að leita svara við þeirri spurningu hvort að myndsköpun sé afþreying eða þroskaleið ákváðum við að kynna okkur hugmyndafræði þeirra Lowenfelds og Brittain sem leggur áherslu á myndsköpun og andlegan þroska barnsins.

### **Lowenfeld og Brittain**

Hugmyndafræði þeirra Viktors Lowenfeld og W. Lambert Brittain um myndsköpun barna og gildi hennar er þekktasta kenningin sem notast er við í enskumælandi löndum sem og á Norðurlöndunum. Hugmyndafræði þessara samstarfsmanna kom fyrst út í riti sem heitir *Creative and Mental Growth* og var gefið út árið 1947 í Bandaríkjunum og hefur verið í stöðugri endurskoðun síðan þá og verið kennd í skólum út um allan heim. Í bók Valborgar Sigurðardóttur (1989) stendur: „Segja má að grundvallar þemað í kenningum þeirra sé að myndsköpun og myndræn tjáning sé órjúfanlegur þáttur í heildarþroska barnsins“ (Valborg Sigurðardóttir, 1989:17).

Þeim Victori Lowenfeld og W. Lambert Brittain finnst mikilvægt að hlúa að þessum þroskaþætti strax frá upphafi þar sem þeir litu á myndsköpun sem góða náms- og þroskaleið sem tengir skapandi hugsun við þroska barnsins. Myndsköpunin er talin þjóna svo miklu meiri tilgangi en það að vera afþreyingarefni fyrir barnið því að með þessari sköpun er barnið að tjá tilfinningar sínar, það teiknar persónur sem það þekkir og skiptir það máli, umhverfi og hluti sem eru kunnuglegir. Þegar börn teikna vilja Lowenfeld og Brittain líkja ferlinu

við eintal, að barnið sé að tala við sjálf sig þegar það teiknar á blað. Þeir leggja því mikla áherslu á almennt gildi sem myndmennt hefur á uppeldi og nám og telja í því samhengi myndsköpunina vera mjög sterkt tæki sem örvar vitrænan þroska barna í öllu þeirra námi (Valborg Siðgurðardóttir, 1989:17).

Lowenfeld og Brittain telja að það sé ekki hægt að meta verk barna eftir útkomu þeirra heldur að það sé sköpunarferlið sjálf sem þarf að skoða því er það í gegnum ferlið allt sem börnin þroskast. Lowenfeld og Brittain greina teikni- og myndsköpunarferlið í stigbundin þroskaskeið og styðjast því við svipaða hugmyndafræði og Piaget um þroskaferli barns. Þeir skipta myndsköpunarferlinu í 6 skeið:

1. Krotskeið (18 mán. til 4 ára)  
Upphaf sjálfstjáníningar.
2. Forskemaskeið (4 ára til 7 ára)  
Fyrstu tilraunir til táknmyndunar.
3. Skemaskeið (7 ára til 9 ára)  
Myndun formhugtaka.
4. Raunsæisskeið (9 ára til 12 ára)  
Upphaf raunsæis.
5. Skeið gervi-natúralisma (12 ára til 14 ára)  
Aldur rökhyggju.
6. Gelgjuskeið (14 ára til 17 ára)  
Tímabil sjálfsákvarðana.

(Valborg Sigurðardóttir, 1989).

Þar sem við erum að fjalla um myndsköpum barna á leikskólaaldri ætlum við einungis að fjalla um fyrstu tvö skeiðin sem ná yfir börn á aldrinum 18 mánaða til 7 ára.

### **Krotskeið – 18 mán. til 4 ára – Upphaf sjálfstjáníningar:**

Ef barn á aldrinum 18 mánaða til 2ja ára hefur aðgang að pappír og skriffærum fer það að krota svo lengi sem það hefur stjórn á höndunum til að hreyfa þær fram og tilbaka á pappírnum. Lowenfeld og Brittain eru ekki hrifnir af hugtakinu krot því

Þeir telja það niðrandi og að það vísi til þess að teikningar ungra barna séu merkinga- og tilgangslausar. Þeir hafa einmitt furðað sig á því hversu litla virðingu krotið hefur hlotið þar sem það er í raun byrjunarreitur allrar myndlistar.

Með kroti er átt við sýnilegan árangur af að hreyfa blýant eða litkrít á ýmsan hátt yfir pappír eða aðra sambærilega fleti þannig að fram komi merki eða drættir eftir hreyfinguna.

(Valborg Sigurðardóttir, 1989:20).

Nauðsynlegt er að fullorðnir veiti börnum athygli á þessu krotskeiði því að börnin þurfa einmitt hvatningu þannig að þau skynji að það sem þau eru að gera sé mikilvægt. Þá verður krotið einnig merkingarbært fyrir þau og ýtir undir áframhaldandi myndsköpun.

Eins og áður hefur komið fram eru börn á krotskeiðinu á aldrinum átján mánaða til fjögurra ára og á þessu tímabili á sér stað mikill alhliða þroski og framfarir hjá þeim. Þau byrja á því að teikna strik og punkta og fara svo yfir í það að teikna myndir sem tákna eitthvað og sem fullorðnir viðurkenna og þekkja. Framfarirnar eru gríðarleg á þessu skeiði, ekki bara hvað varðar teikningarnar því að Lowenfeld og Brittain beina einnig sjónum sínum að hreyfifærni barna og hvernig hún þroskast á þessum tíma. Þeir halda því fram að hreyfingarnar séu fyrst um sinn mjög handahófskenndar en með tímanum þroskast samhæfing augna og handa og börnin ná betri stjórn á krotinu sem þau tengja svo við hlutveruleikann. Lowenfeld og Brittain greina þróun krotsins í þrjú stig: *handahófskrot, krot sem barnið hefur stjórn á og krot sem barnið gefur nafn.*

### ***Handahófskrot***

Á þessu stigi er krotið mjög handahófskennt og hreyfingar barnsins frekar stjórnlausar þar sem barnið nær ekki að stjórna úlnlið eða fingrum. Barnið notar grófhreyfingar sem stjórnast af öxlum og olnboga þannig að handleggurinn sveiflast fram og tilbaka og tilviljunin ein ræður því hvernig útkoman verður á myndverki barnsins. Nauðsynlegt er að hafa í huga að á þessu stigi er barnið ekki að reyna að teikna mynd sem á rætur sínar að rekja í veruleikann en engu að síður

er mikilvægt að sýna verkum barnsins áhuga þannig að barnið skynji að þessi tjáningarleið sé viðurkennd. Á þessu stigi heldur barnið um skriffærin með svokölluðu þvergripi, þ.e. kreppir fingur utan um litinn.

### ***Krot sem barnið hefur stjórn á***

Barnið nær á þessu stigi þroska til að samhæfa hreyfingar og sjón og fer að átta sig á samhenginu á milli handahreyfinga og merkjanna sem það krotar á pappír. Krotið sem slíkt breytist lítið milli fyrstu stigana heldur er það í aðferðinni sjálfri sem þroskinn kemur fram. Barnið er farið að nota úlnliðinn án þess að hreyfa fingurna og það er farið að taka eftir því hvernig fullorðna fólkíð hvílir handlegginn á borðinu og fer að herma eftir því. Barnið verður áhugasamara og krotið verður litríkara og barnið á auðveldara með að halda litnum inn á blaðinu sjálfu. Það er farið að geta teiknað hring eftir fyrirmynd en hefur ekki náð tókum á að teikna ferhyrning eftir fyrirmynd.

Á aldrinum þriggja til fjögurra ára skiptir barnið úr því að beita þvergripi yfir í að nota fingurgrip. Hafa ber í huga að á þessu stigi hefur barnið mesta ánægju af hreyfingunni sem fylgir því að krotu frekar en öðrum þáttum myndsköpunarinnar.

### ***Krot sem barnið gefur nafn***

Á þessu stigi fer barnið að gefa krotinu nafn, það skýrist af því að það hefur loksins náð þeim þroska að tengja krotið við umheiminn og upplifanir sínar og það fer að nota ímyndunaraflíð oft. Enn getur þó verið erfitt fyrir þann fullorðna að sjá nokkuð út úr krotinu. Aðalmálið er að hugsun barnsins hefur náð nýjum hæðum og það fer að veita krotinu sjálfu meiri áhuga en hreyfingunni sem hingað til hefur verið aðalatriðið.

Hafa ber í huga að þó að barnið sé farið að gefa krotinu nafn þá er það ekki alltaf að teikna hluti sem það þekkir því oft er það að teikna óhlutstæð hugtök eins og alls konar hreyfingar og hraða hluta. Lowenfeld og Brittain (1982) lýsa þessu þannig: „Fram að þessu hefur krotið verið afleiðing hreyfiskynjunar og börn gefa þessu kroti oft nafn sem skírskotar til líkamlegs verknaðar, t.d. að hlaupa eða stökkva“. Eins eru þau oft búin að ákveða hvað þau ætla að teikna en í ferlinu sjálfu breytist teikningin og endar kannski sem hús en átti upphaflega að vera bíll. Enn getur þó verið erfitt fyrir þann fullorðna að sjá nokkuð út úr krotinu en ekki

má gleyma að krotið hefur samt merkingu fyrir barnið sjálft og það er því mikilvægt að fullorðna fólkið gæti þess að leggja ekki of mikla merkingu í krot barnsins né heldur að krefja það um skýringu á því vegna þess að það getur hreinlega verið neikvætt fyrir barnið og dregið úr sköpunarhæfni þess. Það sem skiptir meira máli er að við hvetjum það áfram og tökum þátt í gleðinni sem fylgir þessu nýja tjáningarformi.

Lowenfeld og Brittain segja að það sé þessi sameiginlega gleði og áhugi sem er þýðingarmest fyrir barnið, ekki krotið sjálft eða myndin.

(Valborg Sigurðardóttir, 1989: 25).

Lowenfeld og Brittain segja að margar rannsóknir bendi til þess að besta leiðin til að örva myndsköpun barna á þroskavænlegan hátt sé að sjá þeim fyrir efnivið sem þau kunna á og ráða við eins og liti, leir og pappír. Sýna þarf kroti þeirra áhuga og hjálpa þeim við úrlausnir verkefna án þess að leggja viðfangsefnið upp í hendurnar á þeim og sýna þeim úrlausnina. Mjög mikilvægt er að fólk átti sig á því að það gerir alveg jafn mikið ógagn að standa hjá barninu án þess að veita því athygli eins og standa hjá því og segja því nákvæmlega til.

Þau verkfæri sem barnið notar á sínum fyrstu árum til að skoða og skilja umheiminn eru skynfærin og hreyfingar. Með þeim á barnið auðveldara með að tengjast umheiminum og snerta hann og þannig þróar það smátt og smátt með sér hugtök og hugtakaskilning auk þess sem skilningur þeirra á rými eykst smám saman (Valborg Sigurðardóttir, 1989: 20-28).

#### **Forskemaskeið 4 til 7 ára – Fyrstu tilraunir til táknmynda.**

Á þessu skeiði verða miklar breytingar á teikningum barnsins þar sem það er farið að uppgötva tengslin á milli teikninga og veruleikans sem það býr í og teikningarnar fara að þróast út í það að verða táknmyndir. Barnið fer að teikna form hluta sem það sér í kringum sig en það gat barnið ekki á meðan það var enn á krotskeiðinu því þá lagði það aðaláherslu á hreyfingarnar sjálfar eins og áður hefur komið fram. Barnið er að byrja að teikna táknmyndir og velur oftast að teikna mynd af manni. Þessar fyrstu teikningar barna af mannveru eru allar mjög

keimlíkar og skiptir þá ekki máli hvar á jörðinni þau eru stödd eða hvernig félagsleg staða þeirra er heldur er það þroskastið sem ræður þar för. Þessi teikning hefur fengið heitið *höfuðfætla* og er það vegna þess að hún er teiknuð þannig að fyrst er teiknaður hringur sem táknað höfuðið og síðan fylgja tvö lóðrétt strik neðan úr hringnum sem eiga að tákna fótleggji.

Fræðimenn hafa ekki verið sammála um hvers vegna börn teikna höfuðfætluna eins þau gera en sumir telja að ástæðan sé sú að börn séu svo sjálfhverf að þau teikni einungis það sem þau sjá sjálf af líkama sínum eins og t.d. fæturna. Lowenfeld og Brittain skoðuðu líka þá hugmynd að barnið teldi höfuðið gegna mikilvægu hlutverki þar sem sú starfsemi líkamans sem þau þekkja til sé í höfðinu þ.e. þau borða og tala með munninum og sjá með augunum og þess vegna teikni þau höfuðið svona stórt.

Á þessu forskemaskeiði, þegar börnin eru á aldrinum 4 til 7 ára, eru þau að afla sér reynslu og þekkingu. Barnið notar teikningar sínar til að vinna úr þeim upplifunum sem það verður fyrir heima hjá sér sem og annars staðar og reynsluheimur þess stækkar ört. Teikningarnar þroskast í sífellu og táknmyndirnar breytast ört eftir því sem barnið þroskast, það fer að teikna meira en bara mannamyndir og það bætast við myndir af húsum, bílum, skipum og blómum svo eitthvað sé nefnt. Í lok þessa skeiðs er barnið farið að nálgast skemaskeiðið og er farið að teikna sömu hlutina aftur og aftur og yfirleitt á sama hátt.

Rúmshynda barna á þessu skeiði er mjög takmarkað en þau reyna samt að gera tilraunir með að teikna táknmyndir og staðsetja þær á blaðið eins og þau upplifa í raunveruleikanum. Fullorðnum gæti þótt handahófskennt hvernig börnin teikna hluti á blaðið en þau eru enn það sjálfhverf að þau tengja hlutina í kringum sig ekki við hvern annan heldur líta þau á sjálf sig sem miðpunktinn í herberginu og að hlutirnir tengist þeim. Lowenfeld og Brittain vilja meina að vanhæfni barna til að skilja innbyrðis afstöðu hluta bendi til þess að þau séu ekki fær um að tengja stafi saman og geta því ekki enn lært að lesa. Rannsóknir sýna að ávinningur sem hlýst af því að reyna að kenna börnum á þessum aldri að lesa sé mjög lítill því þau skilja ekki enn rökrétt tengsl á milli hluta.

Á aldrinum 4 til 7 ára eykst vitproski barna mjög mikið eins og sálfræðileg þekking bendir ótvírætt til. En auðvitað þroskast börn á misjöfnum hraða og uppeldisaðstæður eru breytilegar og upplifun þeirra misjöfn eftir fjölskyldum og öðrum áhrifaþáttum í umhverfi þeirra. Samt sem áður fylgja teikningar þeirra og

myndsköpun sama mynstri og gefa fullorðnum innsýn inn í hugarheim þeirra og sýna þeim hvað býr að baki þessara teikninga.

Fyrir börnum er teiknun – eða það að teikna – annað og meira en skemmtileg æfing eða tilraun við að búa til mynd. Það er leið eða aðferð sem barnið notar til þess að þróa tengsl sín við veruleikann og gefur þannig ýmsum óljósum hugsunum, sem því eru mikils virði, hlutstæðan eða áþreifanlegan búning. Teiknunin eða teikniferlið sjálft verður í sjálfu sér mikilvæg námsreynsla og jafnframt námsleið og þroski fyrir barnið (Valborg Sigurðardóttir, 1989:36).

Segja má að fullorðnir geti fylgst með því hvernig vitþroski barns þróast með því að skoða vel teikningar eftir það því að þær geta, eins og áður sagði, sagt okkur margt um hvar barnið er stadd í þroska. Barn á forskemaskeiðinu er almennt farið að teikna og búa til táknmyndir sem það hefur fyrirmyndir af í umhverfi sínu og því fleiri táknmyndir sem barnið teiknar því meiri vitþroski. Smáatriðin sem barnið teiknar á blað gefa okkur líka vísbendingu um það hvort barnið sé áhugasamt um umhverfi sitt og veiti því mikla eftirtekt og segir okkur hvort barnið sé mjög virkt í sínum þroska. Af þessu má því draga þá ályktun að fimm ára barn sem hefur ekki náð að þróa með sér hugtök sem tengjast umhverfi þess og er ekki farið að teikna nægilega þróaðar táknmyndir sé eftir á í vitsmunapróska.

Lowenfeld og Brittain leggja mikla áherslu á að reynsla barnsins skipti sköpum. Reynslan hefur áhrif á það hvernig barnið teiknar hluti eða persónur því að ef barnið hefur fengið að snerta hlutinn og skoða eru meiri líkur á að það teikni hlutinn öðruvísi en það gerði áður en það fékk að þreifa á honum. Skynjun barnsins er mjög mikilvæg og það er ekki bara sjónræn skynjun heldur byggist þetta á fleiri skilningarvitum eins og t.d. snertiskyni, heyrn og hreyfiskyni (Valborg Sigurðardóttir, 1989:28-39).

Lowenfeld og Brittain tala um í bók sinni, *Creative and Mental Growth* (1982), að hugsanlegt sé að barnið sé að koma sér upp einhvers konar hugtakakerfi með því að teikna og þeirri reynslu sem fylgir því að teikna og benda

á að slíkri reynslu sé ekki hægt að þröngva upp á neinn. Lowenfeld og Brittain vilja halda því fram að þess vegna sé ekki hægt að kenna börnum á þessum aldri tiltekna listræna færni eða tækni sem eigi að hjálpa þeim við að nota teiknun sem leið til að skilja sjálfst sig eða tengsl sín við umheiminn (Lowenfeld og Brittain, 1982:216).



## Markmið Aðalnámskrár

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (1999) eru námssviðin sex, þau eru aðaláhersluþættir í starfi leikskólans og hinu eiginlega leikskólauppeldi. Myndsköpun er eitt af námssviðum leikskóla og leikskólar eiga að vinna eftir öllum þeim námssviðum sem talin eru upp í Aðalnámskrá. Í þeim viðtölum sem við tókum kom það skýrt fram að í þeim leikskólum spilar myndsköpun stóran þátt í skólastarfinu og er unnið í samræmi við Aðalnámskrá.

Til að börn geti lært að nota sköpunartjáningu sína þurfa þau að læra að þekkja og komast í tæri við fjölbreyttan efnivið til að nota í myndsköpun sinni. Í Aðalnámskrá (1999) stendur að börn þurfi að fá að skapa sjálfstætt svo að reynsla þeirra og upplifanir njóti sín í sköpunarferlinu. Börn njóta þess að fá að skapa eitthvað og hafa ánægju af því að sjá hvernig þeim tekst til við myndsköpunina.

Viðmælendur okkar tóku það fram að hjá þeim sé unnið með mjög fjölbreyttan efnivið og það er mjög algengt að efniviðurinn sem börnin vinna með sé endurvinnanlegur og opinn. Fyrirtæki og einstaklingar eru sem betur fer einkar dugleg við að útvega leikskólunum pappír og ýmis konar efni sem nýtist til myndsköpunar. Í Aðalnámskrá (1999) er tekið fram að leikskólakennarar þurfa að hafa það í huga að til þess að börnin verði sjálfstæð í vinnubrögðum og fái að njóta sín í myndsköpuninni þurfa þau að fá að vinna sjálfstætt og koma með eigin hugmyndir og úrlausnir. Því ber að varast að ætlast til þess að öll börnin geri eins myndverk.

Samkvæmt Aðalnámskrá leikskóla (1999) er mælt með því að leikskólakennarar sjái til þess að börn komist í kynni við listsköpun af ýmsu tagi. Þar má til dæmis nefna að hægt er að fara með þau á listasýningar ef tækifæri gefast. Einnig er hægt að skoða með þeim bækur um listsköpun. Listsköpun er allt í kring um okkur og því þarf leikskólakennarinn að vera vakandi fyrir þeim ótal mörgu tækifærum sem á vegi þeirra verður á hverjum einasta degi.

## Reggio Emilia

Reggio Emilia er lítil borg í Norður Ítalíu, hún er þekkt fyrir afrek sín og framúrskarandi stefnu á sviði menntunar. (Edwards ofl. 1998: 5). Það var í lok seinni heimsstyrjaldarinnar að fyrsti skólinn settur á laggirnar sumarið 1945 að frumkvæði foreldra. Foreldrarnir sem byggðu skólann lögðu af stað með nánast ekkert í höndunum, lóðina fengu þau gefins og allt efni var endurunnið og fengið víða að. Það voru ekki til neindir peningar til að hefja skólastarfið en fólkið trúði því að það mundi koma síðar. Foreldrarnir lögðu nótt sem nýtan dag við vinnu sína og uppskáru eftir því. Loriz Malaguzzi kom inn í starfið strax í byrjun og er hann helsti höfundur að þeirri hugmyndafræði sem Reggio Emilia stendur fyrir, en hugmyndafræðin var kennd við borgina þar sem þetta allt byrjaði (Edwards ofl. 1998: 49-50).

Malaguzzi hafði miklar skoðanir á sköpunarkraftinum sem leið barna við að tjá sig og læra nýja hluti. Hann taldi að með því að bæla niður sköpunargáfur barna, með því að veita þeim ónæg tækifæri við að vinna með skapandi efnivið, væri verið að taka af þeim öll þau tjáningarmál sem börn í raun búa yfir. Malaguzzi sagði börn búa yfir hundrað málum en hinir fullorðnu taki smám saman af þeim níutíu og níu mál. Þegar börnin fá að nota öll sín hundrað mál sagði Malaguzzi að þau gætu upplifað, skynjað og reynt sömu hlutina á hundrað vegu. Þegar þau fá ekki tækifæri til þess missa þau niður þessa hæfileika og þar með tapa þau þeim niður. Hans kenning var sú að hið talaða mál væri að lokum eina málið sem flest börn byggju yfir. Í Reggio Emilia hugmyndafræðinni eru börnin hvött til þess að nota öll sín hundrað mál, tjá sig og upplifa hlutina á marga vegu (Edwards o.fl. 1998: 75).

Í starfi í anda Reggio Emilia eru börnin hvött til þess að rannsaka umhverfi sitt og það er lögð áhersla á að þau læri að þekkja nærumhverfi sitt vel. Börnunum er kennt að tjá sig í gegnum öll þau mál sem þau búa yfir. Þeim er kennt að vinna með og nýta vel þá hæfileika sem þau hvert og eitt búa yfir. Hvort sem um er að ræða orð, hreyfingu, teikningu, myndlist, byggingaleiki, skuggaleiki, klippimyndir, þykjustuleiki eða tónlist, svo fáein dæmi séu nefnd. Með þessu læra börnin að sjá hlutina frá ólíkum sjónarhornum og með því að tengja þá við eigin reynsluheim hjálpar það þeim að til þess að skapa með sér gagnrýna hugsun og að vinna úr verkefnum og vandamálum (Edwards ofl. 1998:7-8).

Ýmsir kennismiðir í uppeldis- og menntunarfræðum hafa veitt hugmyndafræði Reggio innblástur. Hugmyndafræði Reggio byggir að miklu leyti á framfarastefnunni (e. progressive education) sem kennd er við Dewey. Einnig byggist hún á hugmyndum Piaget um barnið sem virkan einstakling í eigin námi og hugmyndum Vygotsky um að barnið læri í gegnum menningarlegt og félagslegt samspil (Edwards ofl. 1998: 53).

## Lokaorð

Vygotsky telur að barn fæðist með grundvallar vitræna starfsemi sem að stjórnar einbeitingu, minni, skynjun o.s.frv. Vitsmunaleg færni eykst síðan vegna samverkana frá umhverfinu og þeirri úrvinnslu sem að einstaklingurinn vinnur út frá umhverfinu. Myndsköpun er góð leið til að vinna úr fyrri reynslu og upplifunum sem að barn verður fyrir, félagsleg reynsla einstaklingsins mótar hugsun hans og hvernig hann kýs að túlka umheiminn.

Jean Piaget sagði að reynsla og upplifanir barna hefðu áhrif á þroska þeirra og þau yrðu að fá tækifæri til að upplifa hluti á sinn hátt til að öðlast skilning og læra. Með því að gera hlutina sjálf og gera mistök eiga þau auðveldara með að leysa úr þeim vanda sem að bíður þeirra þegar þau fullorðnast.

John Dewey taldi að reynsla barnsins væri undirstaða allrar menntunar og lagði því mikla áherslu á að kennarar og aðrir fullorðnir ættu að skapa börnum tækifæri til menntunar og þjálfna þau í samfélagslegri þátttöku. „Learning by doing“ er setning sem kemur oftast en ekki upp þegar Dewey er nefndur og þýðir einfaldlega „að læra með því að framkvæma“. Þetta er ekki ólíkt því sem að Lowenfeld og Brittain eiga við þegar þeir segja að það sé í raun ekki hægt að meta verk barna eftir útkomu þeirra heldur sé það sköpunarferlið sjálft sem ætti að skoða enda er það í gegnum ferlið sjálft sem börnin þroskast og besta leiðin til að örva myndsköpun barna á þroskavænlegan hátt er að sjá til þess að þau hafi nægan efnivið sem að þau þekkja og ráða við.

Lowenfeld og Brittain segja það nauðsynlegt að fullorðnir sýni myndsköpun barna áhuga og styðji við þau með því að vera til staðar til að aðstoða þau án þess þó að segja þeim til verka. Í þessu sambandi er vert að líta á hugmyndir Vygotskys um *svæði hins mögulega þroska* (e. zone of proximal development, ZPD) og kenninguna um *vinnupallana* (e. scaffolding). En báðar þessar kenningar byggja á því að barnið hafi alltaf stuðning frá fullorðnum einstaklingi eða eldra barni sem getur stutt það í gegnum vinnuferlið.

Þörfin fyrir að skapa er til staðar hjá öllum börnum og því er mikilvægt að ýta undir hana frá unga aldri. Það er mikilvægt að í leikskólum fái börnin tækifæri til sköpunar og að sköpunarhæfni og kraftur fá að blómstra strax í upphafi. Þátttaka í daglegu lífi ýtir undir sköpunargáfu og það er nauðsynlegt að börn fái að ýta undir hana með því að kanna þær leiðir sem hægt er að fara upp á eigin

spýtur . Börn tjá tilfinningar sínar með sköpun, þau nota tjáninguna í stað orða. Börn tjá það sem þau hugsa, finna til og upplifa í hinu daglega lífi. Það er þessi sköpun sem skiptir börnin máli og það er afskapleg mikilvægt að þau fái tækifæri til þess að gera það á sinn hátt og á sínum eigin forsendum.

Rannsóknarspurningin okkar fjallaði um það hvort að myndsköpun í leikskólastarfi væri afþreying eða þroskaleið og var tilgangur verkefnisins að gera tilraun til þess að leiða í ljós hvort það væru einhver fræði á bak við myndsköpun ungra barna. Við höfum komist að því að hugmyndafræðin er til staðar og við höfum sett hana fram á eins greinargóðan hátt og okkur er unnt. Við gerðum viðtalskönnun þar sem við ræddum við leikskólakennara í sex leikskólum til þess að fá smá innsýn í hugmyndir þeirra um myndsköpun og reyna að sýna fram á að litið sé á myndsköpun sem eitthvað meira en afþreyingu sem hefur enga merkingu fyrir börnin í leikskólum. Úrvinnsla könnunarinnar leiddi í ljós að myndsköpun væri hluti af daglegu starfi leikskólanna og virtust allir viðmælendur líta á myndsköpun sem mikilvæga þroskaleið fyrir börn.

Okkur finnst mjög ánægjulegt að fá úr því skorið að litið sé á myndsköpun sem mikilvægan þátt í leikskólastarfinu og komum til með að vera mjög vakandi yfir öllu sem tengist myndsköpun þegar við hefjum störf sem leikskólakennarar.

## Heimildir

- Aldís Guðmundsdóttir. (1992). *Sálfræði , vöxtur og þroski*. Reykjavík: Mál og Menning.
- Berk, L. E. og Winsler, A. (1995). *Scaffolding Children 's Learning: Vygotsky and Early Childhood Education*. Washington D.C: NAEYC. (bls. 24-32).
- Charles, C. M. (1982). *Litla Piaget kverið* /þýðing Jóhann S. Hannesson. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Cole, M., Cole, S. og Lightfoot, C. (2005). *The development of children*. (5. útgáfa). New York: Worth publishers
- Edwards, Carolyn, Gandini, Lella og Forman, George (ritstj.). (1998). History, Ideas, and Basic Philosophy. *The Hundred Languages of Children: The Reggio Emilia Approach – Advanced Reflectoins*. 2. útgáfa. Westport, Connecticut, London, Ablex Publishing.
- Edwards, Carolyn, Gandini, Lella og Forman, George (ritstj.). (1998). Intruduction: Background and Starting Points. *The Hundred Languages of Children: The Reggio Emilia Approach – Advanced Reflectoins*. 2. útgáfa. Westport, Connecticut, London, Ablex Publishing
- Jóhanna Einarsdóttir. (1997). Áhrif kenninga John Dewey á leikskólastarf. *Athöfn*, 29(1), 28-32.
- Lowenfeld, V. og Brittain, W.L.(1982). *Creative and Mental Growth*. 7. Útgáfa. New York: Macmillan Publishing Co.
- Meece, J. L. og Daniels, D. H. (2008). *Child and Adolescent Development of Educators*. Boston, MA: McGraw-Hill. (Kafli 3, bls. 165-180).
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla. Almennur hluti 1999*. Sótt 13. mars 2011 af <http://bella.stjr.is/utgafur/ALalmennurhluti.pdf>
- Schirrmacher, Robert.1997. *Art and Creative Development for Young Children*. Third edition. Delmar Publishers. USA.
- Valborg Sigurðardóttir. (1989). *Myndsköpun ungra barna: Frá kroti til tákmynda*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.